

Forsætisráðherra friðar í Ungverjalandi og ódælu, íslensku ófriðarmennirnir

Einhver stærsta friðarganga Evrópu fór fram í Budapest nýlega, um það leyti sem valkyrjan íslenska, Þórdís Kolbrún, seildist í vasa íslenskra skattgreiðenda eftir ógnarlegum fjármunum til stríðsins í Úkraínu. Á meðan reyndi Viktor Orban að hugga óhamingjusama landa sína í Úkraínu. Stríðinu lýkur senn, sagði hann.

En það eru óneitanlega blíkur á lofti. Nató (og Íslendingar þar með taldir) ætla að orna sér við kjarnorkuelda, eftir því sem best verður séð.

Viktor, sem lengst hefur setið forsætisráðherra í Evrópusambandinu, þykir ódæll alheimssinum og eyndarhyggjufólkinu (woke); hann hefur stöðvað óheftan flaum flóttamanna, sem hrekst undan stríðum Bandaríkjamanna, Ísraels og Nató. Og svo gefur hann – eins og Vondi-Valdi Putin – kynja- og kynleysufræðingum langt nef. Lengra er varla unnt að komast í skömminni.

Í ræðu sinni, sem Viktor m.a.:

Stríð færir okkur engan sigurvinning, heldur tjón. Fyrrum vorum við neyddir inn á vígvöllinn. Og við lutum í lægra haldi. Og þannig mun það fara nú, á þessu Herrans ári 2024. Í fyrstu heimstyrjöldinni urðum við að sjá á eftir tveimur þriðju hlutum lands okkar. Í öðrum heimsófriðnum var herjum Ungverja tortímt á framandi grundu.

Það voru engir eftir á ættjörðinni til að vernda hana, konur okkar og börn. Við vorum svo magnþrota, að friðarsamningar við sigurvegarana voru torveldir. Í heimstyrjöldunum féll hálf önnur milljón Ungverja – og með þeim börn og barnabörn, sem hinir látnu hefðu eignast.

Ó, hversu sterkt hefðum við ekki staðið, væri þetta fólk meðal okkar í dag. Enn þá einu sinni er þess krafist, að við geysumst fram á vígvöll. En ég skal tala hægt og skýrt, þannig að Brussel megi skilja: Við ætlum okkur ekki í stríð. Við örkum ekki í austurátt í hið þriðja sinn, við höldum ekki til rússnesku víglínunnar aftur.

Við höfum verið þar áður og höfum enga ástæðu til að vera þar. Við ætlum ekki að fórna ungu kynslóðinni á altari stríðsglæframanna og peningapúka. Við höfnum stríðsgróðaáætlunum, svo stríðsherrarnir megi leggja undir sig eignir Úkraínnumanna og gæta hagsmuna stórveldanna.

Þessar áætlanir eru ekki nýjar af nálinni og við erum þeim kunnugir. Þegar, fyrir þrem áratugum síðan, skrifaði George Soros [ungversk-bandarískur auðjöfur, sem hagnaðist óhemjulega á falli breska pundisins] eigið undirróðurhandrit. Samkvæmt því átti að leggja Rússa að velli með vestrænni tækni og ódýru, austur-evrópsku vinnuafli. Hefði því verið tortímt mætti nota flóttamenn í staðinn.

P.s. Í umfjöllun Steigan.no um málið er frá því sagt, að norskir vopnaframleiðendur (Kongsberg Gruppen) hefði gert sölusamning að andvirði 141 milljóna Bandaríkjadala um eldflaugar (Joint Strike Missiles) fyrir F-35A (bandarískar) orrustuþotur.

https://steigan.no/2024/06/orban-europa-taler-ikke-en-ny-krig/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://telex.hu/english/2024/06/03/orban-the-time-has-come-for-exorcism-because-the-only-other-option-is-world-war>

https://magyarnemzet.hu/english/2024/06/the-biggest-ever-life-changing-peace-march-starts-today#google_vignette

<https://www.msn.com/en-us/news/world/orb%C3%A1n-stages-a-peace-march-in-hungary-in-a-show-of-strength-before-european-parliament-election/ar-BB1nskDF>